

## Sveitarfélagið Stykkishólmur

Mál nr.262/2026

Sent á: <https://skipulagsgatt.is/issues/2026/262>

Reykjavík, 07.04. 2026

### Efni: Aðalskipulag Sveitarfélagsins Stykkishólms

Landvernd hefur kynnt sér verkefnislýsingu nýs aðalskipulags Sveitarfélagsins Stykkishólms og setur hér fram ábendingar og athugasemdir tengdar náttúruvernd og loftslagsmálum sem eru samofnar mörgum málaflokkum.

#### Almennt

Landvernd þakkar sveitarfélögum á Snæfellsnesi fyrir markvissa vinnu til að stuðla að sjálfbærri þróun innan sveitarfélaga. Nefna má stofnun Svæðisgarðs Snæfellsness, samstarf sveitarfélaga í gegnum Byggðasamlag Snæfellinga, umhverfisvottun Snæfellsness með þátttöku í alþjóðlega vottunarkerfinu Earthcheck, stefna Snæfellsness í sjálfbærri þróun og síðan viðurkenningu UNESCO fyrir Vistvang Snæfellsness. Auk þess er Breiðafjörðurinn búinn að vera undir vernd síðan árið 1995. Sveitarfélögin á Snæfellsnesi eru meðvituð um sérstöðu svæðisins sem þau vilja vernda og nýta á sjálfbæran hátt. Landvernd tekur undir þessa sýn og stefnu og treystir því að sveitarfélögin vinni áfram í þessum anda sem getur verið öðrum sveitarfélögum til eftirbreytni og ýtt undir verðmæt skref inn í framtíðina.

#### Íbúalýðræði

Íbúalýðræði virðist í hávegum haft á Snæfellsnesi og endurspeglast í mikilli þátttöku íbúa í allri þróun, stefnumörkun og áætlanagerð. Landvernd fagnar þessu og telur þau vinnubrögð að setja fram spurningar í hverjum kafla og hvetja lesendur til að senda inn ábendingar til sveitarfélagsins hvetjandi og til fyrirmyndar. Eins stendur til að gera vefkönnun meðal íbúa.

Á bls. 3 eru settar fram helstu spurningar til íbúa sem er er hvatning til þess að fólk geti rætt málin. Landvernd saknar þó spurninga um náttúruvernd, umhverfis- og loftslagsmál. Eins og t.d. hvaða svæði, vistkerfi eða tegundir innan sveitarfélags ætti að vernda sérstaklega, hvar væri hægt að endurheimta votlendi eða hvernig væri best að auðvelda fólki að tileinka sér virkan ferðamáta?

#### Sjálfbær þróun

Landvernd fagnar því að viðfangsefni skipulags eru flokkuð eftir þremur stöðum sjálfbærrar þróunar. Mjög gott er hér að á bls. 11 eru heimsmarkmiðin sett upp sem lagkaka því hún skýrir vel þann skilning á sjálfbærri þróun að gengið er út frá þeirri staðreynd að auðlindir jarðar eru takmarkaðar og mynda lokuð kerfi sem samfélag og hagkerfi eru hluti af. Og að efnahagsmál verða að fylgja gildum sem skapa gott samfélag og að samfélagið þarf að halda sig innan þolmarka jarðar.

Á bls. 11 eru listuð upp þau markmið og undirmarkmið heimsmarkmiðanna sem geta varðað aðalskipulagið. Landvernd leggur til að nokkrum markmiðum verði bætt við og víkkað sjónarhorn um undirmarkmið með því að bæta við atriðum sem geta skipt máli þó að þau séu ekki að finna í þessari alþjóðlegri málamiðlun um undirmarkmið. Þannig mætti bæta við eftirfarandi atriðum:

HM 2 Ekkert hungur

- Sjálfbærni í matvælaframleiðslu

HM 3 Heilsa og vellíðan

- Stuðla að útiveru, útikennslu og virkum ferðamáta

HM 4 Menntun fyrir öll

- Útikennsla, menntun til sjálfbærni og að allir skólar sveitarfélags séu Grænfánaskólar

HM 8 Góð atvinna og hagvöxtur

Varðandi þetta markmið skal vekja athygli á undirmarkmiði 8.4 *Fram til ársins 2030 verði nýting auðlinda til neyslu og framleiðslu bætt jafnt og þétt og leitast við að draga úr hagvexti sem gengur á náttúruna í samræmi við tíu ára rammaáætlun um sjálfbæra neyslu og framleiðslu, með hátekjuríkin í fararbroddi. Það er nefnilega algeng mistúlkun hátekjuríkja að þetta væri markmið um almennan hagvöxt allsstaðar. Þess í stað var markmiðið um hagvöxt sett með það í huga að fátæk lönd fái getu til þess að koma sér út úr fátækt og byggja upp mikilvæg innviði en ekki að hátekjulönd haldi áfram að auka sífellt hagvöxtinn hjá sér.*

HM 11 Sjálfbærar borgir og samfélag

- Auknir möguleikar til virkra samgöngumáta.

HM 13 Aðgerðir í loftslagsmálum

- Skipulag sem stuðlar að loftslagsaðgerðum

HM 14 Líf á landi

- Landvernd bendir á að varðandi markmið um verulega aukningu nýskógræktar og endurræktunar skóga verður að taka tillit til líffræðilegrar fjölbreytni og áhrifa sem skógrækt með innfluttum tegundum getur haft.

Ennfremur vill Landvernd benda á að neikvæð smitáhrif Íslands (e. spillover effect) eru mikil en hér er átt við hvernig aðgerðir héraðs hafa áhrif á getu annarra ríkja til að ná heimsmarkmiðunum. Íslandi ber að draga úr neikvæðum smitáhrifum sínum og það er mikilvægt að hafa í huga við skipulagsgerð innan sveitarfélaga.

### Áhersluverkefni

Á bls. 17 er fjallað um helstu áhersluverkefni. Landvernd saknar þess að hér er ekki sérstaklega fjallað um áskoranir vegna áhrifa loftslagsbreytinga eins og t.d. hækkandi sjávarborðs og aukna flóða- og skriðuhættu. Þau atriði í skipulagi sem geta stuðlað að loftslagsaðgerðum þyrftu athygli. Einnig þyrfti að leggja áherslu á þau tækifæri sem náttúruvernd og endurheimt vistkerfa hafa.

## Náttúruvernd og loftslagsmál

Landvernd saknar þess að náttúruverndarsvæði og endurheimt votlendis eiga ekki flokka í landnotkun á bls. 18.

Í umfjöllun í 6. kafla um vistkerfi og auðlindir hvetur Landvernd sveitarfélagið Stykkishólm til þess að skoða hvort hægt væri að stuðla í enn meira mæli en með núverandi vernd Breiðafjarðar að stefnu Íslands um að skilgreina 30% lands, ferskvatns, strand- og hafsvæða á Íslandi sem verndarsvæði og stuðla að endurheimt 30% raskaðra vistkerfa á landi, í ferskvatni, til stranda og sjávar. Þetta er m.a. skilgreint í stefnu Íslands um líffræðilega fjölbreytni og í stefnu aðildarríkja samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (CBD), Kunming-Montreal Global Biodiversity Framework (GBF), sem samþykkt var árið 2022.

Á bls. 23 leggur Landvernd til að bæta við sem viðmið getu vistkerfa til að miðla og geyma vatni.

Á bls. 24 er umfjöllun um orkuauðlindir. Á íbúafundi vegna mótunar nýs aðalskipulags þann [12. mars 2026](#) kom m.a. skýrt fram að þátttakendur höfðu ekki áhuga á vindmyllum eða vindorkuverum í sveitarfélaginu. Þar af leiðandi ætti það að vera óþarfi að leggja í vinnu við að meta vindorkumöguleika að svo stöddu.

Einnig ætlar Landvernd að benda á það að aukning á orkuframleiðslu á Íslandi sem framleiðir [átta sinnum meiri raforku á íbúa](#) en meðaltalið í Evrópu og þar sem orkuneysla á mann sé [sú næstmesta í heimi](#) getur ekki talist vera sjálfbær. Ríku löndin verða að draga úr eftirspurn, framleiðslu og notkun á orku eins og kemur m.a. fram í þessari grein hjá World Economic Forum: <https://www.weforum.org/stories/2022/11/cop27-reduce-energy-demand-climate-change/>

Á bls. 26 er tilgreint að skoða hvernig hægt er að stuðla að lágu kolefnisspori húsnæðisuppbyggingar. Það er mikilvægt atriði. Hér ætlar Landvernd að bæta við að það er einnig mikilvægt að skoða hvernig húsin þurfa að vera byggð til þess að stuðla að lágu kolefnisspori við að búa í húsnæðinu, eins og t.d. varðar einangrun eða tegund glugga.

Á bls. 27 mætti bæta við að hafa aðlaðandi grænt umhverfi og gott aðgengi að náttúru við þjónustustofnanir eins og skóla, m.a. til að stuðla að útiveru, útikennslu og vellíðunar.

Á bls. 28 koma fram mjög góðar áherslur m.t.t. sjálfbærrar þróunar en auka mætti áherslur á að stuðla að virkum samgöngumáta og eflingu almenningsgangna. Hér mætti skoða betur hvernig sveitarfélagið ætlar að stuðla að minni bílanotkun.

Á bls. 31 kemur fram að farið verði yfir stöðu og áhrif fiskeldis og mögulega þróun þar og hvort hún kallar á skipulagsviðbrögð. Hér hvetur Landvernd til þess að horfa ekki bara á viðbrögð heldur að leggja sérstaklega áherslu á að setja stefnu um fiskeldi, kanna hvort íbúar vilja fiskeldi og ef já hvers konar og hvort umhverfið leyfir.

Í umfjöllun um landbúnað og skógrækt á bls. 32 hvetur Landvernd sveitarfélagið til að vinna úttekt á möguleikum til endurheimtar votlendis, kortleggja þau svæði og setja sér markmið. Varðandi skógrækt óskar Landvernd eftir því að farið verði eftir áherslum



Landsskipulagsstefnu 2024-2038 um að í aðalskipulagi skuli marka stefnu um skóga og skógrækt með það að markmiði að tryggja viðhald og útbreiðslu náttúruskóga, vernda líffræðilega fjölbreytni og auka bindingu kolefnis. Einnig að horft verði á samlegðaráhrif skógræktarsvæða á líffræðilega fjölbreytni, náttúruvernd, landslag og séreinkenni íslenskrar náttúru.

Góðar áherslur eru varðandi hönnun bæjarins á bls. 40 og vill Landvernd hér einungis benda á góða reynslu sem önnur sveitarfélög eins og Múlaþing hafa af því að skapa pláss fyrir villtan gróður innan bæjar, verkefni sem þar nefnist „Viljandi villt“.

### **Að lokum**

Landvernd er í heild ánægð með stefnu sem sveitarfélagið Stykkishólms ásamt öðrum sveitarfélögum á Snæfellsnesi hafa haft til að stuðla að sjálfbærri þróun. Í þessum athugasemdum skerpir Landvernd aðeins á örfáum atriðum sem geta gert góða stefnu enn betri m.t.t. skipulagsmála í þessari verkefnislýsingu nýs aðalskipulags. Landvernd óskar sveitarfélaginu Stykkishólmi til hamingju með aðalskipulagið og með fylgja góðar óskir um framhald vinnunar í átt að sjálfbærri þróun.

*Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar*

*Þorgerður María Þorbjarnardóttir formaður*